

Skagafjarðarveitur ehf.

Aðalfundur 27.06. 2006

Aðalfundur Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2005 haldinn þriðjudaginn 27. júní 2006 í húsi Skagafjarðarveitna ehf Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

AÐALFUNDARDAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til samþykktar
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
5. Breytingar á samþykktum.
6. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda Sighvats stjórnarformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og gerði að tillögu sinni að Sigurður Árnason yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Tillaga um Árni Egilsson sem fundarritari samþykkt.

1. Sigrún Alda Sighvats flutti skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu ári.
2. Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir og skýrði ársreikning félagsins fyrir árið 2005.
Rekstrarhagnaður félagsins var kr. 19.378.466 Heildareignir félagsins eru að upphæð kr. 686.388.957 og eigið fé kr. 306.076.371

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Almennar umræður fóru fram um sjóveituna og stöðu kaldavaldsmála á Sauðárkróki.

Ársreikningurinn var síðan borinn upp til samþykktar.

Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

3. Tillaga var borin upp um að hagnaður ársins verði færður óráðstafaður til næsta árs.
Samþykkt samhljóða.
4. Tillaga lögð fram um að þóknun stjórnarmanna fyrir stjórnarstörf verði samkvæmt breytingum sem teknar voru upp hjá Sveitarfélaginu Skagafirði 2006 um greiðslur til fulltrúa fastanefnda.
Samþykkt.

4. Engar breytingar á samþykktum liggja fyrir fundinum.

5. Tillaga um stjórnarmenn og endurskoðanda borin upp:

Aðalmenn:

Einar Gíslason
Páll Dagbjartsson
Pétur Valdimarsson

Varamenn:

Viggó Jónsson
Katrín María Andrésdóttir
Hólmfríður Guðmundsdóttir

Endurskoðandi:

Kristján Jónasson, KPMG Endurskoðun, Sauðárkróki.

Samþykkt samhljóða.

6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin. Ekkert lá fyrir þessum lið.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 14.50

Sigurður Árnason fundarstjóri (sign)

Árni Egilsson ritari (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.